Nonni fer í sveit

Leiklist

Ólafur Haukur Símonarson fer að sumu leyti kunnuglegar slóðir í nýju barnaleikriti sínu, Gaggalagú, sem nú er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Það er klassískt í íslenskum barnabókmenntum að fylgja borgarbarni í sveit og horfa á það venjast sveitarvistinni, en Ólafur brýtur hinn raunsæja ramma afar skemmtilega til að gera efnið fjölbreyttara fyrir unga áhorfendur.

Nonni Palli kynnir sig fyrst fyrir okkur sem fullorðinn maður í frakka og segist ætla að rifja upp þegar hann var sendur í sveit sem líklega 10–12 ára patti. Hann varar áhorfendur við því að sveitin sú hafi verið ákaflega frumstæð, ekki einu sinni rafmagn á bænum. Fljótlega kemur í ljós að fæðan er afar einhæf og þó að Nonni sé frekar af pylsukynslóðinni en þitsukynslóðinni ofbýður honum að borða saltfisk og saltkjöt alla vikuna. Honum finnst heldur ekki geðslegt að sofa í rúminu hjá gömlu konunni á bænum og hann er óttalega lélegur til verka og síhræddur við dýrin framan af. Drýgsti vöndurinn á litla drullusokkinn verða hótanir heimasætunnar Silju um að kyssa hann beint á munninn ef hann geri ekki eins og honum er sagt og venst hann vistinni furðu fljótt á flótta undan stelpunni. Kemur þó í ljós að lokum að honum er ekki eins leitt og hann lætur, þannig að varla duga sömu hótanir þegar hann fer aftur í sveitina að ári!

Jón Páll Eyjólfsson leikur Nonna og verður sannfærandi strákpatti í hreyfingum og fasi. Mál hans er skýrt og röddin náði vel til krakkanna. Halla Margrét Jóhannesdóttir leikur bæði Silju og mömmu hennar – sem líklega er þýsk og setur það verkið niður á ákveðnum tíma. Halla er frísk og fjörug leikkona og fór létt með hlutverkaskiptin. Meira mæddi á Völu Þórsdóttur sem lék bóndann á bænum, öll dýrin – hundinn, hænuna, ána, heimalninginn og kúna – og girðingarstaur! Eina hjálpin var ólíkur höfuðbúnaður. Ekki blés Vala úr nös þótt mikið væri að gera og var satt að segja dásamlegt að sjá hana njóta einstæðra látbragðshæfileika sinna.

Sviðið var einfalt en fjarska haglegt – hliðgrind sem breyst gat í baðstofu eða bás með einu handtaki eða svo. Afar skemmtilegt var atriðið í heyskapnum sem leikið er eins og skuggamynd á baktjaldi.

Íslensk börn fá oftar að heyra og lesa um gamla tíma en nýja í sveitinni í efni sem er sérsamið fyrir þau, og það er nauðsynlegt til að viðhalda ákveðinni samfellu í þekkingu milli kynslóða. En væri ekki gaman ef einhver tæki sig til og sendi barn í nútímasveit með allar ranghugmyndirnar úr bókmenntunum í farteskinu?

Silja Aðalsteinsdóttir

Hafnarfjarðarleikhúsið sýnir: Gaggalagú eftir Ólaf Hauk Símonarson sem einnig semur lög og texta. **Leikmynd og búningar:** Þórunn María Jónsdóttir. **Ljósameistari:** Kjartan Þórisson. **Tónlistarstjórn:** Margrét Örnólfsdóttir. **Leikstjóri:** Erling Jóhannesson.



DV-MYND E.ÓL

Silja og Nonni gefa hvort öðru auga bak við hundinn
Halla Margrét Jóhannesdóttir, Vala Þórsdóttir og Jón Páll Eyjólfsson í hlutverkum sínum.



Eygló í Kúlunni


Innsetningarnar í hinu sérstæða kúlurými í Ásmundarsafni hafa vakið verðskuldaða athygli það sem af er árinu, og nú er komið að lokasýningu sýningaþrennunar á innsetningu Eyglóar Harðardóttur. Hún verður opnuð kl. 17 á morgun.

Fyrri listamennirnir í Kúlunni voru Tumi Magnússon og Finnbogi Pétursson og hafa listamennirnir nálgast viðfangsefni sitt út frá ólíkum forsendum. Um upplifun sína af Kúlunni segir Eygló m.a.: „Bygging Ásmundar er tenging við annan heim en þann sem við höfum oftast fyrir augunum í íslenskri byggingarlist. Þegar staðið er inni í Kúlunni er lítið jarðsamband; þegar horft er út um gluggana þarf að hafa meira fyrir því að sjá niðurávið en uppávið. Þannig er skynjun áhorfandans háð aðstæðum hans. Það er eins og að vera staddur inni í risaauga að vera inni í Kúlunni og horfa út um gluggana. Sjónrænt býr Kúlan yfir mikilli mýkt. Mér fannst verkið þurfa að búa yfir einhverri óreiðu, stjórnleysi sem mótvægi við mýktina."

Sýning Eyglóar í Kúlunni stendur til 11. maí.

Bókmenntir

Gjafir Gabríels



Gabríel, aðalpersónu nýjustu skáldsögu Hanifs Kureishi, Náðargáfa Gabríels, eru ýmsar gjafir gefnar. Hann er hæfileikaríkur myndlistarmaður og efnilegur kvikmyndagerðarmaður. Honum hlotnast einnig að gjöf merkilegt listaverk eftir frægan poppara sem faðir hans þekkir frá fornu fari, og síðast en ekki síst hefur hann þá náðargáfu að hann er klókari í mannlegum samskiptum en miðaldra útlifaðir foreldrar hans. Titill sögunnar á ensku, Gabriel's gift, getur vísað til alls þessa.

Kannski er Gabríel venjulegur strákur, en umhverfið sem hann fellur inn í er í meira lagi skrautlegt. Foreldrarnir, sem hafa nýlega skilið, eru af kynslóð glysrokkaranna. Faðirinn tónlistarmaður á niðurleið og móðirin fyrrverandi búningasaumakona fyrir popphljómsveitir. Í upphafi sögunnar er faðirinn nýfluttur út að kröfu móðurinnar. Þau virðast vera á hraðri leið í hundana bæði tvö. Faðirinn sekkur dýpra og dýpra í sjálfsvorkunn og drykkju og móðirin reynir að staðfesta sjálfstæði sitt með heldur dapurlegu djammi og karlafari. Gabríel eyðir því miklum hluta tíma síns utan skóla í félagsskap austurevrópsku húshjálparinnar Hönnu. Þetta kann að virðast einkennilegt með fimmtán ára gamlan ungling, en fyrir ofvernduninni eru ákveðnar ástæður. Bæði hefur Gabríel nýlega ratað á nokkra glapstigu, og auk þess er hann sá sem eftir lifir af tvíburum. Eftir dauða Archies bróður hans hefur líf hans verið verndað af ákafa.

Náðargáfa Gabríels er þroskasaga, hlýleg og bjartsýn og næstum væmin í lokin. Hún er á hinn bóginn svolítið óvenjuleg þroskasaga að því leyti að Gabríel sjálfur, unglingurinn í fjölskyldunni, þroskast ekki bara sjálfur og kemst til manns heldur kemur það í hlut hans að leysa fjölskyldu sína alla úr álögum og koma henni til þroska um leið og hann öðlast sjálfur frelsi til að rækta sína náðargáfu. Þetta gerir hann í krafti hæfileika sinna, listrænna og mannlegra, og Náðargáfa Gabríels er kannski fyrst og fremst innblásinn óður til þessara hæfileika og kraftsins sem í þeim býr til að koma fólki, ungu og öldnu, til nokkurs þroska.

Jón Yngvi Jóhannsson

Hanif Kureishi: Náðargáfa Gabríels. Jón Karl Helgason þýddi. Bjartur 2002.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

STÓRA SVIÐ

PUNTILA OG MATTI *e. Bertolt Brecht*
Fi. 10/4 kl. 20
Su. 13/4 kl. 20
Lau. 26/4 kl. 20
Su. 4/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN SÓL & MÁNI
eftir Sálina og Karl Ágúst Úlfsson
Fö. 11/4 kl. 20
Lau. 12/4 kl. 20
Fö. 25/4 kl. 20
Lau. 3/5 kl. 20
ATH. Sýningum lýkur í vor

NÝJA SVIÐ

SUMARÆVINTÝRI
e. Shakespeare og leikhópinn
Frumsýning fi. 10/4 kl. 20, **UPPSELT**
Su 13/4 kl. 13 - **ATH: Breyttan sýn.tíma**
Mi 23/4 kl. 20
Lau 26/4 kl. 20
Su 27/4 kl. 20

MAÐURINN SEM HÉLT AÐ KONAN HANS VÆRI HATTUR
eftir Peter Brook og Marie-Hélène Estienne
Fö. 11/4 kl. 20
Fö. 25/4 kl. 20
Fi. 1/5 kl. 20

KVETCH *eftir Steven Berkoff,*
Í SAMSTARFI VIÐ Á SENUNNI
Su. 13/4 kl. 20
Fi. 24/4 kl. 20
Lau. 3/5 kl. 20
ATH. SÍÐUSTU SÝNINGAR

ÞRIÐJA HÆÐIN

PÍKUSÖGUR *eftir Eve Ensler*
Su. 13/4 kl. 21. **Ath. breyttan sýningartíma**
Lau. 3/5 kl. 20
Takmarkaður sýningafjöldi

LITLA SVIÐ

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN
Í SAMSTARFI VIÐ SJÓNLEIKHÚSIÐ
Leikrit með söngvum – og ís á eftir!
Í kvöld kl. 20
Lau. 12/4 kl. 16
Lau. 12/4 kl. 20
Fö. 25/4 kl. 20

RÓMEÓ OG JÚLÍA *e. Shakespeare*
Í SAMSTARFI VIÐ VESTURPORT
Í kvöld kl. 20
Lau. 12/4 kl. 20
Fö. 25/4 kl. 20

ALLIR Í LEIKHÚSIÐ - ENGINN HEIMA!
Borgarleikhúsið er fjölskylduvænt leikhús: Börn, 12 ára og yngri, fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
(Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.)

Hin smyrjandi jómfrú
Nærandi leiksýning fyrir líkama og sál.

Sýnt í Iðnó:



Mið. 16. apríl, kl. 20.00, örfá sæti
Lau. 19. apríl, kl. 20.00
Lau. 25. apríl, kl. 20.00
Sun. 26. apríl, kl. 20.00
Síðustu sýningar.

„Til að kóróna herlegheitin er boðið upp á ljúffengt smurbrauð fyrir sýningu og því óhætt lofa þeim sem taka allan pakkann nærandi kvöldstund fyrir sál og líkama."
H.F., DV

"Charlotte var hreint út sagt frábær í hlutverki hinnar smyrjandi jómfrúar og hún átti ekki í neinum vandræðum með að heilla áhorfendur upp úr skónum með ... einlægni sinni, ósviknum húmor og ekki síst kómískri sýn á hina íslensku þjóðarsál."
S.A.B. Mbl.

"Erótískur dans rækjubrauðsneiðar og lifrakæfubrauðsneðar var sérlega eftirminnilegur og svo ekki sé minnst á litlu rækjunna sem sveiflaði sér fimlega upp og niður tilfinningaskalann. "
HF, DV